

Fundargerð fundar framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 979

Dagsetning: 28. mars 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

II. Efni til Umræðu

2. Gjaldskrárverk lækna og mönnun

Rætt um útreikninga á gjaldskrárverkum og áskorunum í að manna lausar stöður lækna á nokkrum heilsugæslustöðvum.

3. Fjármögnunarlíkanið 2023

Fjallað um breytingar á fjármögnunarlíkaninu og farið yfir hverju þær breyta fyrir einstakar heilsugæslustöðvar.

4. Ýmis starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Fjallað um útfærslu á fyrirhugaðri könnun á líðan sálfræðinga og hvenær verði hægt að leggja hana fyrir. Rætt um greiðslur fyrir námsferðir lækna sem starfa í tímavinnu hjá HH.

5. Húsnæðismál

Rætt um ýmis húsnæðismál. Beðið er eftir niðurstöðu um hvort hægt verður að fá húsnæði við Vegmúla fyrir nokkur geðheilsuteymi. Upplýst er um að unnið er að svari við fyrirspurn á Alþingi um húsnæðismál Heilsugæslunnar Grafarvogi og fjallað um stöðuna í Grafarvogi almennt.

III. Efni til afgreiðslu

6. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 21. mars 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

Önnur mál

7. Ýmsir samningar

Upplýst um stöðu samnings við Janus um ADHD-greiningar og samning um aðgengismál fyrir starfsfólk heimahjúkrunar.

8. Verðlaun fyrir auglýsingaherferð

Rætt um verðlaun fyrir auglýsingaherferðina Heima er pest.

9. Heilsuvernd í framhaldsskólum

Upplýst um aukna fjárveitingu til að efla heilsuvernd í framhaldsskólum og að verkefnið verði hýst í Heilsubrú HH á meðan það er að festa rætur.

10. Starfsmannasamtöl

Upplýst um stöðu mála með smáforrit til að halda utan um starfsmannasamtöl.

11. Farsældarlögin

Rætt um innleiðingu á lögum um farsæld barna. HH mun fá sérstaka fjárveitingu, alls 10.375.000.- krónur, til að innleiða verkefnið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:17